

# Úr varnarbaráttu í sókn

Ákvörðunin um byggingu álvers Alcoa í höfn Smári Geirsson fagnar lyktum á Reyðarfirði 2003. RAX



Smári Geirsson segir Fjarðabyggð nú renna öflugum stoðum undir velsæld íbúanna í framtíðinni. Steinunn Ásmundsdóttir ræddi við hann.

Lífið er annasamt í Fjarðabyggð þessa dagana, mikið um að vera og gríðarlega mörgum verkefnum sinnt," segir Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar og einn af helstu forsvarsmönnum iðnaðaruppbyggingar á Austurlandi. Hann segir hliðaráhrif byggingar álvers á Reyðarfirði geysileg. Verið sé að byggja atvinnu- og íbúðarhúsnæði og framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins mjög miklar. "Svo komu þau gleðitíðindi að norsk-íslenska síldin er farin að veiðast og það hefur aldeilis áhrif líka. Ég held að menn brosi út að eyrum hér. Flestir geta haft nóg fyrir stafni og það er líf og fjör. Hins vegar er auðvitað ýmislegt sem menn tala um, eins og að það sé hreinlega of mikið að gera, en slíkt tal vekur í reyndinni hjá manni gleði."

Smári segir sveitarfélagið ætla fram til ársins 2007 að framkvæma fyrir 3,5 milljarða króna og það sé heldur betur handleggur fyrir rúmlega þrjú þúsund manna sveitarfélag. Framkvæmdirnar séu á afar mörgum sviðum, fyrst og fremst uppbygging á grunnþjónustu eins og grunnskólum og leikskólum, þá sé unnið að hitaveituframkvæmdum á Eskifirði, leitað að heitu vatni á Reyðarfirði og Norðfirði og íþróttamannvirki vegi þungt. Stærsta einstaka framkvæmdin sé þó álvershöfnin. "Við höfum gert fjárhagsáætlun til ársins 2010 og ef horft er langt fram í tímann sjá menn að þrátt fyrir að sveitarfélagið stofni til mikilla skulda á næsta ári, verða tekjurnar mjög miklar eftir 2007. Við lítum svo á að árið 2015, eða upp úr því, eigi Fjarðabyggð að vera mjög vel statt sveitarfélag efnahagslega, þrátt fyrir alla skuldasöfnun á þessum mikla og hraða uppbyggingartíma. Tekjurnar af útsvörum verða mjög miklar meðan verið er að byggja álverið, en að því loknu fara fasteignaskattar að skila sér inn af miklum þunga. Síðan er gert ráð fyrir íbúafjölgun og fjölgun fyrirtækja og stofnana í sveitarfélaginu. Mennt verða að horfa langt fram í tímann miðað við það sem almennt gerist til að sjá fyrir endann á þessu reiknisdæmi."

## Mögulegt að snúa við blaði

Smári segir menn sýna framkvæmdunum mikinn áhuga vítt og breitt um landið og alls konar félagasamtök og stofnanir komi í Fjarðabyggð og skoði hvernig að málum sé staðið. Það sé forvitnilegt fyrir alla að sjá svo hraða og kraftmikla uppbyggingu á því svæði sem fjærst liggur höfuðborgarsvæðinu og það sýni og sanni fyrir hin ýmsu svæði á landinu að mögulegt sé að snúa við blaði.

"Fyrirtæki streyma austur og mjög mörg heimafyrirtæki eflast. Auðvitað eru til dæmi um það líka að lítil og veik fyrirtæki sem fyrir voru eigi í vanda í nýju umhverfi, það eru þessi ruðningsáhrif sem menn hafa alltaf gert sér grein fyrir að myndi gæta. Þá er hér fólksfjölgun og mikil eftirspurn eftir vinnuafli, fasteignaverð hækkar mjög, íbúðarbyggingar alls staðar og byggt mikið af opinberu húsnæði og atvinnuhúsnæði. Athyglisvert er hvað eftirspurn eftir lóðum við álvershöfnina er gríðarleg. Hún er svo miklu meiri en menn gerðu sér nokkurn tímann grein fyrir að gæti orðið. Því hefur

þurft að endurskipuleggja allt hafnarsvæðið til að koma til móts við þær þarfir sem virðast vera til staðar."

Samspil þéttbýliskjarnanna Neskaupstaðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar segir Smári eins gott og hægt sé að ætlast til. "Við búum við að það er fjallvegur í sveitarfélaginu og hann hefur sín áhrif varðandi skipulag og samskipti. Engu að síður tel ég að í bæjarkerfinu sé samstaðan mjög góð og í bæjarstjórninni er samstaðan varðandi öll mikilvægustu málefni sveitarfélagsins einstaklega góð, enda þarf sveitarfélagið á samstöðu að halda þegar farið er í gegnum svona tíma."

### **Vinnuafllsskortur hamlandi**

Smári segir að vinnuafllsskortur sé með erfiðari málum í Fjarðabyggð. Skortur sé á verktakafyrirtækjum og almennu vinnuafli, sem þýði að ekki sé hægt að fara jafnhratt í ýmsar framkvæmdir og menn hefðu kosið. Staðreyndin sé þó sú að ekki sé farið að reyna mjög mikið á félagsleg áhrif hinna miklu framkvæmda á Reyðarfirði, vegna þess að í starfsmannaborpinu búi nú tæplega fjögur hundruð manns, en verði næsta sumar á milli sextán og sautján hundruð talsins. Meginþunginn þar eigi eftir að koma. "Það sem skiptir mestu máli í svona samfélagi er hugarfarið. Þegar skrifað var undir álverssamningana 15. mars 2003, tóku allir í þessu samfélagi eftir breyttu hugarfari. Allt í einu einkenndist samfélagið af jákvæðni, bjartsýni og miklum framkvæmdahug. Menn höfðu trú á bjartri framtíð sveitarfélagsins og jákvæðni er smitandi. Hún smitast yfir á alla þætti, menningarlífið meðal annars. Þetta eru skemmtilegir tímar fyrir sveitarstjórnarmenn að upplifa. Sveitarstjórnarmenn í sjávarbyggðum vítt og breitt um Ísland hafa undanfarna áratugi fyrst og fremst verið að hugsa út leiki í varnarstöðu. Nú er hins vegar bullandi sókn og það er skemmtileg tilbreyting."

Hafinn er undirbúningur að sameiningarkosningum 8. október nk., þar sem gerð er tillaga um sameiningu Fjarðabyggðar, Austurbyggðar, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps. Smári, sem átti sæti í sameiningarnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins, segir Fjarðabyggð vinna að málinu af fullum heilindum. "Nú er verkefnið komið á heimavöll og á því þarf að taka af festu og ákveðni. Auðvitað er það síðan fólkið sem ræður því hver niðurstaðan verður."

Smári segist ekki hafa nokkrar áhyggjur af nýjum dómi um umhverfismat vegna álvers á Reyðarfirði. "Þetta er stjórnsýslulegs eðlis og maður fær ekki séð að það hafi áhrif á framkvæmdirnar. Starfsleyfið er ekki numið úr gildi. Strax og þetta mál kom upp hóf Fjarðaál undirbúning að nýju umhverfismati og það eru gríðarlega mikil gögn til að byggja það mat á og á því ekki að taka langan tíma að leggja það fyrir."